

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Hildur Jonsdottir <hildur.jonsdottir.no1@gmail.com>  
**Sent:** fimmtudagur, 12. desember 2024 13:55  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Styrkumsókn frá Sigurhæðum  
**Attachments:** Sigurhæðir v 2025 skipting milli sveitarfélaga.xlsx; IgnacioJareroCV.pdf; ASSYST TREATMENT PROCEDURES EXPLANATION-MAY 21-2023 (1).pdf; Kostnaðaráætlun 2025.xlsx; Þjálfun og innleiðing ASSYST - Okt 2024.docx; Viðhorf-til-Sigurhæða-2024\_online.pdf; Styrkumsókn Sigurhæðir Flóahreppur v 2025.docx

Góðan daginn

Hér kemur styrkumsókn frá Sigurhæðum.

Með bestu jóla- og nýjárskveðjum

Hildur Jónsdóttir



Soroptimistaklúbbur Suðurlands

## SIGURHÆÐIR

### KOSTNAÐARÁÆTLUN 2024

#### I. SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

4011 Síma- og internetkostnaður	150.000
4024 Pappír og prentun	250.000
4043 Rekstur kaffistofu	100.000
4051 Rekstrarvörur	45.000
4081 Rekstur tölvu- og bókunarkerfis	350.000
4084 Hugbúnaður	40.000
4093 Ferðakostnaður	300.000
4101 Endurskoðun og reikningsskil	500.000
4125 Aðkeypt sérfræðiaðstoð	38.300.000
Akstur	5.500.000
Meðferðarstarf	32.500.000
Túlkun	300.000
4140 Gjafir og framlög (ferðastyrkir)	200.000
4160 Félagsgjöld (EFJCA)	65.000
4223 Funda- og viðskiptakostnaður	900.000

#### II. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

3863 Aðkeypt þjónusta	8.700.000
Verkefnisstjórn m vsk	7.440.000
Hönnun	200.000
Lögmaður	260.000
Fyrirlesarar / Stefnumótun	800.000
	8.700.000
4503 Húsaleiga	3.500.000
4512 Hiti	130.000
4513 Rafmagn	60.000
4552 Hreinlætisvörur	40.000
4573 Annar húsnaðiskostnaður	50.000
Ófyrirséð 5%	2.677.250
	<b>56.357.250</b>



## ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR KYNBUNDINS OFBELDIS OG HEIMILISOFBELDIS Á SUÐURLANDI

Flóahreppur  
Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri  
Þingborg  
801 Selfoss

Selfossi, 10. desember 2024

Efni: Umsókn um styrk til SIGURHÆÐA

Kæri samstarfsaðili í SIGURHÆÐUM

Fyrir hönd SIGURHÆÐA færi ég Flóahreppi innilegar þakkir fyrir lofsverðan stuðning og gefandi samstarf í þágu skjólstæðinga SIGURHÆÐA. Samstaðan um þetta sunnlenska samfélags- og lýðheilsuverkefni í fjórðungnum er aðdáunarverð og vekur víða mikla og verðskuldaða athygli.

Starf Sigurhæða hefur á árinu 2024 verið með hefðbundnum hætti, en starfið hefur þróast og nýjungar verið innleiddar. Nú er svo komið að um 350 skjólstæðingar hafa verið eða eru í langtímaþjónustu, sem innifelur einstaklingsviðtöl, hópameðferð, EMDR áfallameðferð og einnig viðtöl við lögreglu, lögmann, innflytjendafræðslu og túlkun eftir atvikum. Þá er ráðgjöf við aðstandendur vaxandi þáttur í starfseminni. Á árinu 2024 hefur svokölluð ASSYST hópameðferð verið innleidd, en hún byggir á EMDR meðferðinni og er aðferðafræði þar sem unnt er að vinna með EMDR í hópum. Meðferðaraðilarnir okkar fjórir fengu allir þjálfun og leyfisveitingu hjá þeim erlendu aðilum sem hafa þróað ASSYST og eru þeir fyrstu hér á landi (sjá viðhengi). Markmiðið er að sérhæfð áfallamiðuð nálgun nái til fleiri og biðlistar minnki. Innleiðingin hófst núna síðsumars og árangurinn er framar björtustu vonum. Þetta er aðeins eitt dæmi um það hversu faglegt og sveigjanlegt starf Sigurhæða er, þar er brugðist fljótt við þeim lærdómi og reynslu sem jafnharðan aflast og ábendingum um það sem betur má fara.

Á árinu létum við í annað sinn framkvæma óháða úttekt á Sigurhæðum. Hún byggir á svörum frá skjólstæðingum, samstarfsaðilum, meðferðaraðilum og Soroptimistasystum. Niðurstöðurnar eru frábærar (sjá viðhengi).

Haustið 2021 var sett fram sú stefna fyrir hönd SIGURHÆÐA að sveitarstjórnarstigið á Suðurlandi fjármagni þriðjung af kostnaðaráætlun hvers árs. Kostnaðaráætlun fyrir árið 2025

Heiðmörk 1a, 800 Selfoss. Kt. 620210-1370. Sími 834 5566.  
Netfang [sigur@sigurhaedir.is](mailto:sigur@sigurhaedir.is). Vefsíða [sigurhaedir.is](http://sigurhaedir.is). Facebook Sigurhæðir

er kr. 56.357.250 og hefur lítið breyst á milli ára. SIGURHÆÐIR hafa frá árinu 2022 verið áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands með 5 mkr. framlagi og hefur verið sótt um áframhald á þeirri stöðu fyrir árið 2025, fjórða árið í röð. Sú styrkuppþæð sem hér er sett fram gagnvart sveitarfélaginu er reiknuð út frá hlutfallslegum íbúafjölda að teknu tilliti til framlags frá SASS.

**Við sækjum hér með um kr. 359.499 frá Flóahreppi**

Bankaupplýsingar:

Soroptimistaklúbbur Suðurlands

Kt. 620210-1370

Rn. 0325-13-400047

Vinsamlegast gerið undirritaðri viðvart ef óskað er eftir reikningi.

Með innilegu þakklæti fyrir gefandi samstarf og bestu kveðjur um heillaríka framtíð.

Virðingarfyllst,

Hildur Jónsdóttir

verkefnisstjóri SIGURHÆÐA

Fylgiskjöl:

Kostnaðaráætlun 2025

Kostnaðarskipting sveitarfélaga

Mat á Sigurhæðum

Upplýsingar um ASSYST

Selfossi, 10. desember 2025

SEPTEMBER 2024

# VIÐHORF TIL SIGURHÆÐA 2024

Þjónustubegar, samstarfsaðilar og starfsfólk



## EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	4
Summary .....	5
Inngangur .....	6
Áðferð .....	7
Útraak og svörun könnunar - þjónustubegar.....	7
Útraak og svörun könnunar - samstarfsaðilar.....	8
Útraak og svörun könnunar - fagfólk.....	8
Útraak og svörun könnunar - sjálfbóðalíðar.....	9
Úrvinnsla.....	9
Niðurstöður.....	10
Þjónustubegar.....	10
Samstarfsaðilar og starfsfólk.....	14
Samantekt og umræður.....	17
Viðhorf til Sigurhæða.....	17
Viðhorf til gæða þjónustu.....	17
Viðhorf til hindrana í aðgengi að þjónustu.....	17
Viðhorf til hindrana í samstarfi.....	18
Viðhorf til starf- og rekrútaunhvertis.....	19
Viðhorf til framtíðarsýrta.....	19

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal þjónustubega.....	8
Tafla 2. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal samstarfsaðila.....	8
Tafla 3. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal fagfólks.....	9
Tafla 4. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal sjálfbóðalíða.....	9
Tafla 5. Hvers vegna leitaðir þú fyrst til Sigurhæða?.....	10
Tafla 6. Hafði það áhrif á ákvörðun þína um að hafa samband við Sigurhæðir að öll þjónusta sem þar er veitt er þjónustuþægum að kostnaðarlausu?.....	10
Tafla 7. Hversu lengi vaust þú/hefur þú verið í þjónustu hjá Sigurhæðum?.....	10
Tafla 8. Hvaða þjónusta hefur þú nýtt þér hjá Sigurhæðum? (tícktu við allt sem við á).....	11
Tafla 9. Að fenginni reynslu af fjárvæðingum, hversu ánægð eða óánægð ert þú með þá þjónustu?.....	11
Tafla 10. Þegar á heildina er lítið, hversu ánægð eða óánægð ert þú með þá þjónustu sem þú hefur fengið hjá Sigurhæðum?.....	12
Tafla 11. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um fyrirkomulag þjónustu Sigurhæða?.....	13
Tafla 12. Hefur þú mætt einhverjum af eftirtöldum hindrunum í aðgengi að skammtátma-þjónustu Sigurhæða? Merktu við allt sem við á.....	13
Tafla 13. Hefur þú mætt einhverjum af eftirtöldum hindrunum í aðgengi að langátma-þjónustu Sigurhæða? Merktu við allt sem við á.....	13
Tafla 14. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um ávinning af ferlinu hjá Sigurhæðum?.....	14

Kristín A. Hjálmarsdóttir  
Sjálftætt starfandi kynjafræðingur

## Samantekt

Skýrslan fjallar um helstu niðurstöður mannsóknar á viðhorfi þjónustubega, samstarfsaðila og starfsfólks til Sigurhæða eftir þriggja ára starfsemi.

Á fyrstu þremur starfsárum Sigurhæða hafa 280 konur nýtt þjónustu miðstöðvanna. Þjónusta Sigurhæða er gjaldfrjálst og það hefur áhrif á áhröðun 92% þjónustubega um að leita eftir þjónustu miðstöðvarinnar og skiptir 2/3 hluta hópsins öllu máli.

Ríflega níu af hverjum 10 konum eru ánægðar með þjónustuna og geta mælt með Sigurhæðum. Sigurhæðir bjóða upp á fjölbreytt stuðnings- og meðferðartími í Sigurhæðahúsinu og í fjarþjónustu. Að meðaltali nýta konur 2-3 tegundir þjónustu sem er í búi, oftast einstaklingsviðtöl, hópastarf, EMDR áfallameferð og kynþjálfing. Þær upplifa upp til hópa fjölbreyttar ávinning af ferlinu til dæmis valdeilingu, aukid sjálfráust og jákvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu. Óskir komu fram um nýja þjónustu, ofast viðtöl hjá sálfræðingi og fyrir börn þolenda og kærlykna þolendur.

Viðhorf kvenanna til biótíma eftir fyrsta viðtali og tíma milli viðtala og hóptíma, er einnig jákvætt. Það eru þó greinilega tækifæri til að gera enn betur því minni hluti þjónustubega er mjög sammála fullyrðingum þar um.

Meirihluti þjónustubega hefur ekki metið neinum hindrunum í aðgengi að skammt- eða langtímaþjónustu Sigurhæða en tæplega fjórðungur hefur metið landfræðilegum og/öðra fjárhagslegum hindrunum. Óskað er til dæmis eftir fjölbreyttari fjarþjónustu og ferðastyrkjum til að yfirfega slíkar hindranir.

Samsamsaðilar og starfsfólk Sigurhæða hefur trú á því að Sigurhæðir mæti þörfum þolenda kynbundins ofbeldis og samsamsaðilar telja einnig miklar líkur á að stofnanir þeirra verði áfram í samstarfi við Sigurhæðir.

Mikill meirihluti samsamsaðila er þeirrar skoðunar að þátttaka í verkefnisstjórn hafi auðveldað samstarf og tilvísanir, styrkt þverfaglegt tengslanet, aukid þekkingu og skilning á hlutverki og þjónustu Sigurhæða og samsamsaðila og kynbundna ofbeldi. Það virðist þó vera svigrúm til að gera enn betur því innan við heimtíngur fulltrúa í verkefnisstjórn var mjög sammála fullyrðingum þar um.

Samstarfið er þó ekki hindrunarlaust og þær helstu málur vera landfræðilegar, óvissa um heimildir til að skra og deila eða miðla upplýsingum og skortur á samræmdum leiðbeiningum og samskiparæglum um samstarf og samráð.

Framtíðarsýn fyrir Sigurhæðir virðist í meginráttum nokkuð skýr. Hún einkennist af sýn á Sigurhæðir sem farselt samstarfsverkefni með vel skilgreint hlutverk, tryggan fjárhagslegan grundtvöll sem býður upp á fjölbreytta háðæða stöð- og fjarþjónustu fyrir þolendur af öllum kynjum, börn þeirra og fjölskyldur, sinnir fjölbreyttu fræðsluhlutverki og er leiðandi á sínu sviði.

Að öllu samantæknur er óhætt að segja að viðhorf þjónustubega, samsamsaðila og starfsfólks til Sigurhæða sé mjög jákvætt þó auðvitað megi lengi gott beta.

Viðhorf þjónustubega var kannad eftir að Sigurhæðir höfðu starfað í eitt ár. Skilaboðin þá voru skýr – Þið megið alls ekki hætta! Tveimur árum síðar eru þau ekki síður skýr – Þakklæti. Þindalaust þakklæti!

## Summary

This document contains a compact report on attitude off service recipients, partners and staff towards Victory Hills, as surveyed at the end of the centres first three years in operation.

By the end of March 2024, a total of 280 women have used the services at Victory Hills. Services are free of charge, this simple fact encouraged most of the service recipients to make contact and is of utmost importance to the majority.

More than 9 out of 10 women are satisfied with the services and can recommend Victory Hills to others. A variety of support and therapy options are available, either on premises or accessed remotely. On average, the women use 2-3 different types of services on offer, most often individual support sessions, group therapy, EMDR trauma therapy and yoga. They experience diverse benefits from the process, such as empowerment, increased self-confidence and positive effect on physical and mental health. Some would welcome more diverse services, such as private sessions with a psychologist and services for children and family members, as well as male survivors.

The women's attitude towards waiting time for first interview, and time between interviews and group classes, is also positive. However, as minority of service recipients strongly agree with statements in this regard, there clearly are opportunities to do even better.

Just over three quarters service recipients have not encountered any obstacles in access to Victory Hills short- or long-term services. Almost a quarter, however, have encountered geographical and/or financial obstacles. Among service recipients' suggestions for measures to reduce such obstacles are a wider range of remote services and travel cost grants.

Victory Hills partners and staff have faith in Victory Hills' ability to meet needs of victims of gender-based violence, and furthermore, partners also believe in high probability of their institutions continued collaboration.

Vast majority of partners are of the opinion participation in the project management team has facilitated collaboration and referrals, strengthened interdisciplinary networks, increased knowledge and understanding of gender-based violence, as well as the role and services of Victory Hills and its other partners. However, there seems to be room for reform, as less than half of the members of the project committee team strongly agreed with statements in this regard. Cooperation is not without obstacles. Mainly geographically related, uncertainty about permissions to record and share information, and a lack of co-ordinated guidelines and protocols for cooperation and consultation.

In general terms, the vision for Victory Hills seems to be quite clear. It is characterized by a vision of a successful collaborative project with a well-defined role, secure financial basis that offer a variety of high-quality on-site and remote services for victims of all genders, their children and families, while fulfilling a diverse educational role and showing clear leadership in this field of work

All things considered, it is safe to say that the attitude of service recipients, partners and staff towards Victory Hills is highly positive, although of course there always is room for improvement.

The attitudes of service recipients were first surveyed after Victory Hills had been in operation for a year. The message then was clear – You must not close! Two years further on, the message is no less clear: Gratitude. Indless gratitude!

## Inngangur

Sigurhæðir eru úrreði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis, konur 18 ára og eldri, sem búsætta eru á Suðurlandi. Miðstöðin er í eigu frjálsu félagsamákanna Soroptímistaklúbbs Suðurlands sem einn ber alla fjárhagslega ábyrgð á rekstri hennar. Formlegir samstarfsaðilar Sigurhæða eru öll 15 sveitarfélögin á Suðurlandi og félagþjónustur þeirra, bæði lögreglu- og sýslumannasembættin á svæðinu, Heilbrigðis- stofnun Suðurlands/Geðeymi HSU og Mannréttindaskrifstofa Íslands. Starfsvæði miðstöðvarinnar nær því frá Hornafirði í austri, til Ölfus í vestri, Hrunamannahrepps og Asahrepps í norðri og Vestmannaeyja í suðri. Sigurhæðir eru fjármagnaðar með styrkjum, frá opinberum aðilum, einkaaðilum, frjálsum félagsamtökum og einstaklingum. Rúmlega fjórðungur rekstrarfjár hefur komið frá hinu opinbera, fimmtungur frá samstarfsveitarfélögum og rúmlega helmingur frá öðnum m.a. sjóðum, fyrirtækjum og öðrum soroptímistaklúbbum.<sup>1</sup>

Miðstöðin opnaði við hátöllega athöfn þann 20. mars 2021. Hún hafði því starfað í þrjú ár í lok mars 2024 og 280 konur þegið þar þjónustu. Á þessum tímamótum ákváðu eigendur að láta kanna viðhorf til Sigurhæða almenn, gaða þjónustu, aðyngi að þjónustu, starf- og rekstrarmhverfis og framfarðansýnar. Meginmarkmiðið rannsóknarinnar er að ná heildarsýn á viðhorf til Sigurhæða og nýta niðurstöðurnar við stefnumótunarminu hjá miðstöðinni. Samið var við Kristínu Hjalmarasdóttur, sjálfstætt starfandi kynjafræðing og framkvæmdina.

Í skýrslunni er fyrst fjallað um aðferð rannsóknafrinnar, þá megin niðurstöður og að lokum eru helstu niðurstöður teknar saman og ræddar.

## Aðferð

Ábyrgðaraðili rannsóknafrinnar er Kristín A. Hjalmarasdóttir og sá hún einuq um framkvæmd hennar. Kristín er með MA í kynjafræði frá Háskóla Íslands og hefur unnið sem sjálfstætt starfandi jafnréttisráðgjafi og fræðimaður frá árinu 2013. Verkefni hennar hafa flest tengst jafnréttismálum með einum eða öðrum hætti. Kristín sá meðal annars um framkvæmd úrtektafrinnar *Byarkæðilít, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Frá tilrunu til framfarðansýnar* fyrir RÍKK<sup>2</sup>, ytra efnið með verkefni jafnréttisstofu, *Byggingu þvgr – ljóttum mítra*, sem styrkt var af sjóði Evrópusambandsins, *Frá lagagrydd til framkvæmdar. Ytra mat á málfræðing og málfræðing*, *Sigurhæðaverkefni* fyrir Sigurhæðir<sup>3</sup> og *Greiningu á þjónustumiðstöðum fyrir þolendur ofbeldis* fyrir Ríkislögreglu-stofn.<sup>4</sup>

Gögnun rannsóknafrinnar var safnað með fjórum rafrænum viðhorfskönnunum sem sendar voru út í gegnum SurveyMonkey. Spurningalistar voru samdir af Kristínu. Spurningarnar samanstanda af opnum og lokaðum spurningum sem byggja að grunninum til á viðhorfskönnunum sem lagðar voru fyrir þjónustupega og fulltrúa samstarfsaðila vegna ytri úrtekta á Sigurhæðaverkefniinu að loknu fyrsta starfsári Sigurhæða<sup>5</sup> og vegna innri úrtekta.

Sigurhæðir afhentu ábyrgðaraðila rannsóknafrinnar netfangalista vegna úsendinga og tölulegar bakgrunnspplýsingar um þjónustupegaþöpin til samarburðar. Allar kannanir voru sendar út 07.06.2024 og fylgdi kynning á rannsókninni, á íslensku eða ensku, bði um þátttöku. Opð var fyrir svör í þrjú vikur og tveir úrtekanir sendar á tímabilinu.

## Úrtak og svörun könnunar - þjónustupegar

Þýði þjónustupega er skilgreint sem allar konur sem þegið hafa þjónustu hjá Sigurhæðum á tímabilinu 20. mars 2021-31. mars 2024. Samtals eru þetta 280 konur.

Könnunin er rafræn og einungis á íslensku og ensku. Íjóstr var frá upphafi að hluti hópsins gæti ekki tekið þátt t.d. vegna föðunar eða takmarkaðrar tungumálakunnáttu. Þar sem þjónustupegar Sigurhæða eru skilgreindir sem viðkvæmur hópur reyndi starfsfólk Sigurhæða ná sambandi við aðrar konur, upplýsa þær um vantanlega viðhorfskönnun og óska eftir heimild til að afhenda ábyrgðaraðila rannsóknarfrinnar netfang viðkomandi án nokkurrar skuldbindingar um þátttöku.

Í úrtaki eru allir þjónustupegar sem mættu ekki hindrunum til þátttöku, veittu muninnlega heimild fyrir afhendingar á netfangi og reyndast vera með virkt netfang, samtals 224 konur eða 80% af þýðinu. Alls svörðu 129 konur könnuninni og er þátttökuhlutfall því 58% (Tafla 1).

<sup>2</sup> Úrtekta á Biarkæðilít – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. I RÍKK. (hú.is)

<sup>3</sup> Frá hugmynd til framkvæmdar – Sigurhæðir (sigurhæðir.is)

<sup>4</sup> Greiningu á þjónustumiðstöðum fyrir þolendur ofbeldis (sjornarradid.is)

<sup>5</sup> Frá lagagrydd til framkvæmdar – Sigurhæðir (sigurhæðir.is)

<sup>1</sup> Greiningu á þjónustumiðstöðum fyrir þolendur ofbeldis (sjornarradid.is)



Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal þjónustubega

Framkvæmdamæti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	7.6.-30.6. 2024
Fjöldi í þýði	280
Fjöldi í úrtaki	224
Fjöldi svarenda	129
Þátttökhlutfall	58%

Svör bárust því frá 46% allra kvenna sem þegið hafa þjónustu frá Sigurhæðum frá upphafi. Gerður var samantöður á bakgrunnsupplýsingum þátttakenda í könnuninni og þjónustubegahópi Sigurhæða. Þjónustubegar komu úr öllum 15 samstarfsveitarfélögum Sigurhæða og 14 þeirra áttu fulltrúa í könnuninni. Munur upp á meira en 5% kom fram þegar báseta var skoðuð og var hlutfall svarenda frá Árborg tæplega 9% herra en í þjónustubegahópnum. Munur á hlutfall svarenda og þýðis eftir aldursflokkum var alltaf innan við 5%. Í hópi þjónustubega eru 91,5% af íslensku þjóðerni og 8,5% af erlendu þjóðerni. Hlutfall kvenna af erlendu þjóðerni í könnuninni var heldur lægra en í þýði, eða 7%. Skýringa er fyrst og fremst að leita í því að tungumálauðugleikar komu í veg fyrir þátttöku hluta hópsins. Gott samræmi er einnig í því að um 40% þjónustubega og þátttakenda eru í virkri þjónustu og 60% hættir í þjónustu.

Þótt samræmið sé ekki fullkomið þá erfi að vera mögulegt að alhæfa um niðurstöður vegna þess hversu stór hluti þýðis er í úrtaki og svarhlutfall hátt.

#### Úrtak og svörun könnunar - samstarfsaðilar

Öll 15 sveitarfélögín á Suðurlandi og félagsþjónustur þeirra, bæði lögreglu- og sýslumannsembættin á sveðinu, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Geðtreyni HSU og Mannreindaskrifstofa Íslands eru formlegir samstarfsaðilar Sigurhæða. Til að fá innýn í viðhorf hópsins var úrtak skilgreint sem fulltrúar og varnalltrúar samstarfsaðila Sigurhæða sem setti háfa einn eða fleiri af þremur síðustu vorkerfnissjórnarfundum sem haldnir voru fyrir 31. mars 2024. Á netfangalista frá Sigurhæðum voru 19 virk netföng og var viðhorfskönnunin send á þau öll.

Tíu svör bárust og þátttökhlutfall því tæp 53% (Tafla 2). Í svarendahópnum eru fulltrúar frá sveitarfélögum, lögreglu- og sýslumannsembættum og heilbrigðisstofnun en ekki frá frjálsum félagasamtökum. Niðurstöður ættu þó að gefa góða mynd af viðholti samstarfsaðila.

Tafla 2. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal samstarfsaðila

Framkvæmdamæti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	7.6.-30.6. 2024
Fjöldi í úrtaki	19
Fjöldi svarenda	10
Þátttökhlutfall	53%

#### Úrtak og svörun könnunar - fagfolk

Þýði fagfólks Sigurhæða er skilgreint sem allt fagfolk Sigurhæða sem var að störfum 31. mars 2024. Samtals eru þetta fjórar konur sem allar fengu viðhorfskönnun senda. Til að auka líkur á svörum voru sérstakar afbrotastafir gerðar sem fólast í því að draga saman niðurstöður í texta og senda þátttakendum til yfirlitstrar

og samþykktar. Þjú svör bárust og þátttökhlutfall því 75% (Tafla 3). Niðurstöður ættu því að gefa góða mynd af viðholti fagfólks.

Tafla 3. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal fagfólks

Framkvæmdamæti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	7.6.-30.6. 2024
Fjöldi í þýði	4
Fjöldi í úrtaki	4
Fjöldi svarenda	3
Þátttökhlutfall	75%

#### Úrtak og svörun könnunar - sjálfböðalíðar

Í þýði sjálfböðalíða Sigurhæða eru allar systur í Soropdómismarkaði Suðurlands á ská yfir sjálfböðalíða í starfi móttökufreyja í Sigurhæðum þann 31. mars 2024. Samtals eru þetta 26 konur sem allar fengu viðhorfskönnun senda. Á tíða svör bárust og svarhlutfall því 69% (Tafla 4). Það ætti því að vera mögulegt að alhæfa um niðurstöður.

Tafla 4. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal sjálfböðalíða

Framkvæmdamæti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	7.6.-30.6. 2024
Fjöldi í þýði	26
Fjöldi í úrtaki	26
Fjöldi svarenda	18
Þátttökhlutfall	69%

#### Úrvinnsla

Megindleg gögn voru greind í SurveyMonkey og Excel. Til að tryggja persónuvernd voru svör við opnum spurningum þemagræind og umoröð en ekki sett fram með beinum tilvitnunum eða bakgrunnsupplýsingum um svarendur. Í töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og þess vegna ekki alltaf sami fjöldi svara á bak við hverja töflu. Í einstaka tilvikum er heildarhlutfall svara 101% sem skýrist af því að almennt eru hlutföll ekki skráð með aukastöfum í skýrslunni.

Skýrsluhöfundur þakkar öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum við gagnsóflun og vinnu við skýrsluna.



fyrirkomulag þjónustunnar. Í því sambandi er rétt að benda á að samkvæmt upplýsingum frá Sigurhæðum er í gangi þróunarskipt (þaði EMDR hópmóðfarð og innliðing ASSYST áfallanálgnar) sem vaxst er að dragi úr þörf fyrir EMDR meðferð.

Tafla 11. Hversu sammála eða ósammála eru eftirfarandi fullyrðingum um fyrirkomulag þjónustu Sigurhæða?

	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né ósammála	Mjög ósammála
Það leið stuttur tími frá því að ég hefði samband og þengsð til ég fékk tíma í fövðtal	47%	37%	10%	2%
Það leið hæfilega langur tími milli EMDR viðtala	22%	44%	22%	11%
Það leið hæfilega langur tími milli hepitíma	42%	53%	5%	0%
Það leið hæfilega langur tími milli einstaklingsviðtala	32%	44%	10%	9%

Mikill meirihluti, eða 77% þátttakenda, sagðist ekki hafa mætt neinum hindrunum í aðgengi að skammt- eða langtímaþjónustu Sigurhæða. Tæplega fjórðungur hefur hins vegar mætt slíkum hindrunum, ofast landfræðilegum og/ eða fjárhagslegum (tóflur 12 og 13).

Tafla 12. Hefur þú mætt einhverjum af eftirtöldum hindrunum í aðgengi að skammtímaþjónustu Sigurhæða? Merktu við allt sem við á.

	Fjöldi	Hlutféll
Landfræðilegum (t.d. fjarlægð frá heimili, veður og færð)	18	15%
Fjárhagslegum (t.d. ferðakostnaður, upphaldskostnaður, launatap)	8	7%
Meningarbundnum (t.d. samfélagslegum viðhorfum eða trúarbrögðum)	2	2%
Nei, ég hef ekki mætt neinum af ofangreindum hindrunum	95	77%
<b>N=</b>	<b>123</b>	<b>100%</b>

Tafla 13. Hefur þú mætt einhverjum af eftirtöldum hindrunum í aðgengi að langtímaþjónustu Sigurhæða? Merktu við allt sem við á.

	Fjöldi	Hlutféll
Landfræðilegum (t.d. fjarlægð frá heimili, veður og færð)	14	13%
Fjárhagslegum (t.d. ferðakostnaður, upphaldskostnaður, launatap)	10	9%
Meningarbundnum (t.d. samfélagslegum viðhorfum eða trúarbrögðum)	1	1%
Nei, ég hef ekki mætt neinum af ofangreindum hindrunum	85	77%
<b>N=</b>	<b>110</b>	<b>100%</b>

Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um ávinning þeirra af ferlinu hjá Sigurhæðum og tafla 14 sýnir niðurstöðuna. Þegar á heildina er lítið eru um 7-8 af hverjum 10 konum sammála öllum fullyrðingum um ávinning af ferlinu.

- Fjölskyldumeðferð
- Daleisla
- Kvíðameðferð
- MDMA meðferð
- Líkamsmiðað sálræn meðferð (somatic psychotherapy)
- Ráfrænt fræðslu- og upplýsingaefni
- Opnir tímar eða samverustundir með fræðslu, spjalli og/ eða handvinnu
- Aðstaða til að hjálfa sig eftir tíma eða þegar þörf er á gríðarstund
- Ferðastyrkur fyrir þolendur sem mæta landfræðilegum hindrunum
- Heimild til að ljúka meðferð þó flutt sé út fyrir starfssvæði Sigurhæða

Athugi! Vektor að ofarlega á óskalanum er aðgengi að samstímaþjónustu með maka eða nánnum ættingja. Sú þjónusta hefur lengi verið í boði hjá Sigurhæðum og er talstær nýtt samkvæmt upplýsingum frá teymisráði Sigurhæða. Þetta má tilkoma sem viðbætur um að það skorti aðgengilegar upplýsingar fyrir þolendur um þjónustu í boði. Í ábendingum frá fagfólki kemur fram að viðmið um vandaðan er til staðar og stefnt að úrbótum.

Rúmlega 9 af hverjum 10 þjónustugegum er ánægður með þjónustu Sigurhæða, sjá töflu 10. Af þeim 120 konum sem svöruðu spurningu um það hvort þær myndu mæla með Sigurhæðum sögðu 98% já.

Tafla 10. Þegar á heildina er lítið, hversu ánægð eða óánægð ert þú með þá þjónustu sem þú hefur fengið hjá Sigurhæðum?

	Fjöldi	Hlutféll
Mjög ánægð	96	74%
Ánægð	24	17%
Hvorki ánægð né óánægð	4	7%
Frekar óánægð	2	0%
Mjög óánægð	3	3%
<b>Samtals</b>	<b>129</b>	<b>100%</b>

Níufu og tveir konur (71%) tilgreindu hvað þær væru ánægðastar með. Langstærkustu þemum eru, raðað eftir fjölda svara:

- Starfsfólk, fagmennska og einstök úrræði.
- Hjáfar móttökur, andinn í húsinu og óuggt umhverfi.
- Allt.

Þrjátíu konur (23%) tilgreindu hvað þær væru óánægðastar með. Á bak við stærkustu þemum eru 3-10 svör. Þau þemum eru, raðað eftir fjölda svara:

- Löng bið eftir tíma.
- Skortur á fagmennsku einstakra fagaðila og/ eða léleg gæði einstakra meðferðarúræða.
- Að ekki var haft samband eins og lofað hafði verið.
- Skortur á aðgengilegum upplýsingum um þjónustu í boði.
- Skortur á eftirfylgni.

Að auk þess tveir svokar athugasemdir sem skilgreina verður sem áhriflegar. Önnur svari að trúnaðar- brestir og hin var frá konu sem sagðist ekki hafa fengið þjónustu. Nánari skýringar á þessum atvikum komu ekki fram gögnum rannsóknarinnar. Ábendingar um skort á aðgengilegum upplýsingum komu víðar fram í gögnum og viðbætur um hann birtast einnig í óskum um þjónustu sem þegar er í boði, eins og áður hefur komið fram.

Viðhorf til fyrirkomulags þjónustu er mjög jákvætt. Þegar á heildina er lítið eru þjónustugegar almennt sammála því að þeir hafi fengið forvitað með stutnum fyrirvara og að hæfilegur tími hafi lítið milli bókafra tíma í einstaklingsviðtöl, hópa tíma og/ eða EMDR tíma (tafla 11). Það er þó greinilega tæðifæri til að gera betur því að meðaltali eru innan við 4 af hverjum 10 kvennanna mjög sammála fullyrðingum um

Tafla 14. Hversu sammála eða ósammála eru eftirfarandi fullyrðingum um ávinning af ferlinu hjá Sigurhæðum?

Ferlið hefur ...	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né ósammála	Mjög ósammála	N=
Verði valdeldandi fyrir mig	46%	35%	12%	4%	114
elit sjálstraust mitt	42%	38%	11%	3%	117
hafi jákvæð áhrif á líkamlega og/eða andlega heilna mína	42%	44%	9%	3%	117
hafi jákvæð áhrif á fólkskyldu lífi míni/einkalífi/starfráfrán	37%	40%	16%	3%	110
stykki tengsl mín við sjálfa mig	42%	38%	15%	3%	117
stykki tengsl mín við annað fólk	30%	38%	27%	2%	115
hjálp mér að vinna úr afleiðingum ofbeidins og þyngja lífi mitt upp að nýju	32%	46%	12%	5%	109

Konurarn voru einnig spurðar hvort þær hefðu upplifað einhvern annan ávinning af ferlinu en að ofan er talinn. Svör þeirra 29 kvörna sem svörðu voru mjög persónubundin en sterkustu þemun, eftir fjölda svara, voru:

- Notalegt viðmót, öruggar aðstæður og hlustað á mann.
- Faglegur stuðningur og traust til fagaðila.
- Áfallurinnisla og samþætt þjónusta.
- Aukinn þekking og skilningur á birtingarmyndum ofbeldis og afleiðingum þess.
- Aukinn sjálfskilningur, sterkari sjálfsmynd, aukin sjálfstýggi, meiri styrkur, aukin vellíðan og gleði.
- Aukin andleg heilsa og minni lyfjanotkun.
- Vilji til að halda áfram sjálfsvinnu.

Niðurstöðurnar benda því eindregið til þess að mikill meirihluti þjónustugega upplifir fjölbreyttan ávinning af ferlinu hjá Sigurhæðum.

Í lok könnunarinnar bauðst þátttakendum tækifæri til að koma ábendingum, upplýsingum eða öðru á framfæri við stjórnendur Sigurhæða. Um þriðjungur þátttakenda nýtti tækifærið. Nokkrir ítrekaði fyrri ábendingar og óskir um nýja þjónustu, íslaga þjónustu og aðgangi. Mikill meirihluti sendi hlýjar kvæðjar og fallegar umságnir. Í listanum hér að neðan eru lýsandi dæmi um slíkt.

- Ég var með sjálfsvíshugsanir og þjónusta ykkar hjálpaði mér að koma mér út og hefja nýtt líf.
- Þið hjálpaðu mér að finna styrkleika mína aftur og að öðlast trú á sjálfri mér á ný.
- Þið eruð heitir, yndislegar manneskjur sem lýsa upp veginn fyrir svo margna.
- Ég var mjög þekkt að vera gripin þegar ég burfi mest á því að halda.
- Ég er á lífi vegna þess að þið hjálpaðu mér. Það er bara þannig.
- Takk fyrir frábæra starfið sem þið sinnið og frábæru fagaðilana.
- Sigurhæðir hafa gersamlega hjálpað mér að snúa lífi mínu við.
- Svo yndislegt að koma og finna hvað maður er velkominn.
- Ég er mjög þakklát fyrir að svona staðir séu til.
- Haldið áfram þessu flotta starfi.
- Veit ekki hvar eg væri án ykkar.
- Þakklæsti. Endalaust þakklæsti.
- Takk fyrir hjálpinu.
- Takk fyrir ykkur.
- Takk.

### Samstarfsaðilar og starfsfólk

Þaði samstarfsaðilar og starfsfólk Sigurhæða hafa trú á því að Sigurhæðir mæti þórtum þolenda á Suður-landi. Samstarfsaðilar telja einnig miklar líkur á að stofnanir þeirra verði áfram í samstarfi við Sigurhæðir.

Mikill meirihluti samstarfsaðila er sammála því að þátttaka í verkefnaáttum hafi auðvaldað samstarf og tilvísanir, styrkt þvertálaglegt tengslanet, aukin þekkingu og skilning á hlutverki og þjónustu Sigurhæða og

samstarfsaðila og kyndbundnu ofbeldi. Gögrun sýna þó að meginreglan er að innan við helmingur þátttakenda í könnuninni er mjög sammála fullyrðingum þar um. Það virðist því vera svigrúm til að gera enn betur. Viðhorf starfsfólks var ekki kannað með sambærilegum hætti.

Samstarfið er þó ekki hindrunarlaust, um það eru þaði samstarfsaðilar og fagfólk sammála. Mikill meirihluti þaði samstarfsaðila og fagfólks telur hindranir vera landfræðilegar, óvissa um heimildir til að strá og deila eða miðla upplýsingum og skortur á samræmdum leiðbeiningum og samskipiareglum um samstarf og samráð. Helder færri, en einstaklingar úr þaðum hópum, nefna auk þess óljóssa ábyrt á þjónustu við þolendur og málistjóm sem hindranir.

Meðal ábendinga og óska sem bárust frá samstarfsaðilum og fagfólki er skortur á skýrri framfarðarsýn á eiginahaldi, rekstrarform og eða hlutverk Sigurhæða. Þá er hvatt til marktýssari vinnu við samræmingu verkfæra í tengslum við tilvísanir og samráð og kerfisbundna kynningu á þeim. Einnig er hvatt til aukins samstarfs við barnavemd. Vænitagar eru einnig um að Sigurhæðir geti í framtíðinni vikkað út markhópin og einnig boðið börnum þolenda og karlkyns þolendum þjónustu.

Sameiginleg sýn ríkir hjá samstarfsaðilum og fagfólki á að fjármögnun sé stærsta hindrunin tengd rekstri, starfssemi og/eða þróum Sigurhæða. Ríkjanði viðhorf er að fjármögnun verði ekki tryggð til framtíðar nema Sigurhæðir komist á fjárlög. Þessu tengt eru áhyggjur af því að nú þegar sé ekki nægilegt svigrúm til að bregðast við vextri aukinni aðsókn, of langri bið eftir fyrsta viðtali og fræðsluþótti, svo dæmi séu tekin. Slíkar áhyggjur koma einnig fram hjá sjálfböðaðilum.

Fagfólk er ánæggt með starfsumhverfi Sigurhæða og upplifir að það fái tækifæri til að vaxa og dafna í starfi og taka virkan þátt í þróun þjónustunnar. Sérstaklega var spurt um álag og fagfólk er annað hvort hvorki sammála né ósammála eða frekar ósammála þeirri fullyrðing að það upplifri mikið álag í starfi sínu hjá Sigurhæðum. Ábending barst þó um að handleiðsla frá vanaaðkomandi aðila væri æskileg. Svörin má túlka sem viðbendingu um álag sé áætlanlegt í dag en að lítið þurfi til að það breytist.

Sjálfböðaðilar eru ánægðir með verkefag í tengslum við vaktir og skráningar. Þær eru einnig upp til hópa ánægðar með þá fræðslu sem þær hafa fengið. Nokkrir tilögur bárust þó um frekari fræðslu eða þjálfun:

- Fræðsla sem getur innsýn í faglega starfið, ferlið, nálgun og aðferðir.
- Fræðsla um heimilisofbeldi, birtingarmyndir og afleiðingar.
- Tölvukennsla.
- Öryggisnámskeið.

Ósk um öryggisnámskeið vekur upp spurningar um það hvort starfsfólk hafi upplifað að öryggi þeirra sé ógnað. Um það var ekki spurt í könnuninni en ef svo er þarf að tryggja að til séu viðeigandi verkefningar og þjálfun í viðbrögðum í boði.

Sjálfböðaðilar upplifa einnig fjölbreyttan ávinning af sjálfböðaðilastarfinu. Um mið af hverjum stu telja til dæmis að sjálfböðaðilastarfið hafi styrkt klubbinn og hafi jákvæð áhrif á starfsemi hans. Ríflega átta af hverjum 10 upplifa einnig persónulegan ávinning af sjálfböðaðilastarfinu. Þar á meðal eru ánægja af starfinu, að finna framlag sitt skipra máli, að kynna nýju fólk, stykara samband við aðrar systur sem taka þátt í sjálfböðaðilastarfinu og fleira.

Samstarfsaðilar og fagfólk var spurt hvernig þau séu Sigurhæðir fyrir sér árið 2030. Mjög góður samhjúrnur er í svörum þó dæmi séu um ólíka framfarðarsýn á einastökum svörum. Óhátt er að segja að í framfarðarsýninni endurspeglast mikill metnaður fyrir starfsemi og samstarfinu. Þemagreind og samræmd í orðalagi hljómar framfarðarsýnin nokkurn veginn svo:

- Sigurhæðir eru farsælt og hindrunarlaust samstarfsverkefni aðila sem þjónusta þolendur ofbeldis á Suðurlandi.

- Sigurhæðir eru með tryggan rekstrargrundvöll, m.a. fastan styrkt til framtíðar frá stjórnvöldum.
- Sigurhæðir eru með vel skilgreint hlutverk og þjónusta sunnlenska þolendur ofbeldis af öllum kynjum, börn þeirra og fjölskyldur.
- Sigurhæðir eru með starfsstöð í Árborg og útibú innan starfsvæðis síns (jafnvel á landsvísu).
- Sigurhæðir bjóða upp á fjölbreytta hegðba stað- og fjarþjónustu, verða sifjelt öflugra úrræði og eru leiðandi á sínu sviði.
- Sigurhæðir sinna fjölbreyttu fræðsluhlutverki innan miðstöðvarinnar sem utan.

## Samantekt og umræður

Markmið mannsóknarinnar *Víðhorf til Sigurhæða 2024* var að kanna viðhorf til Sigurhæða, gæða þjónustu, árangurs og hindrana í aðgengi og samstarfi sem og viðhorf til starfs- og rekstrarmhverfis og framtíðarsýnar. Áætluin er að ná heildarsýn á stöðuna og nýta niðurstöðurnar við stefnumótunarvinnu og umbótastraf hjá miðstöðinni.

### Víðhorf til Sigurhæða

Ríflega 9 af hverjum 10 þjónustugegum segist geta mælt með þjónustu Sigurhæða. Samstarfsaðilar hafa trú á því að Sigurhæðir mæti þörfum þolenda og telja miklar líkur á áframhaldandi samstarfi. Þátttaka í verkefnisstjórn þykir hafa auðvaldað samstarf og tilvísanir, sýnkt þverfaglegt tengslanet, aukid faglega þekkingu og þekkingu og skilning á hlutverki og þjónustu Sigurhæða og samstarfsaðila. Fagfólk Sigurhæða er ánægð með starfsumhverfi sitt og tækifæri til að vaxa og dafna í starfi og þjónustusuna. Sjálfboðaliðar/móttökufreyjur Sigurhæða eru einnig ánægðar í starfi og upplifa fjölbreyttan ávinning af sjálfboðaliðastarfinu. Öðrart er því að segja að viðhorf til Sigurhæða sé mjög jákvætt.

### Víðhorf til gæða þjónustu

Rúmlega 9 af hverjum 10 þjónustugegum eru ánægðir með stað- og fjarþjónustu Sigurhæða. Jákvætt viðhorf þjónustugega til gæði þjónustunnar endurspeglar einnig í skilaboðum þjónustugega til stjórndara og starfsfólks Sigurhæða. Mikill meirihluti er einnig ánægður með framboð á þjónustu og fyrirkomulag honnar og hefur upplifað fjölbreyttan ávinning af ferlinu hjá Sigurhæðum. Meist ánægja er með starfsfólkið, fagmennsku þess og einströk úrræði en einnig hlýjar móttökur, góðan anda og öryggis tilfinningu í hástinu. Kvaranir eru fær en algengasta umkvörtunarefnið er löng bið eftir tíma. Efst á óskallta um nýja þjónustu í Sigurhæðalösinu eru viðtöl við sálfræðing en einnig er óskað eftir fjölbreyttari meðferðarúræðum, breytingum á markhópi, rafrænu fræðslu- og upplýsingaefni og aðstöðu fyrir opnar samverusundir og gríðarstað svo sitt hvort sé nefnt. Víðhorf til þjónustu Sigurhæða er því mjög jákvætt. Eins og alltaf eru þó tækifæri til úrbóta.

### Tækifæri til aðgerða/umbóta

- Styrta biðtíma
  - o Laggja árti áherslu á að byrja á að styrta bið eftir fyrsta viðtali. Marka t.d. stefnu um tíma innan 5 vinnu daga
- Auðvelda aðgengi að einstaklingsviðtölum hjá sérhæfðum sálfræðingum
- Auka fjölbreytileika stuðnings- og meðferðarúræða
- Bjóða þjónustu fyrir börn þolenda í samstarfi við barnavæmd
- Auðvelda aðgengi að hagnýtu rafrænu fræðslu- og upplýsingaefni
- Skipuleggja opnar samverusundir og fræðslufundi
- Útbúa hvíldarstöðu (gríðarstað)
- Vísbendingar eru um að þótt fyrir þjálfun nýrra fagaðila geti hafa verið vanmetin.
  - o „Ómarkviss vinna/spjall“, „hafði lítið fram að fara“ (þjónustugegur)
- Vísbendingar eru um að rýna þurfi fræðslu/þjálfun fyrir móttökufreyjur
  - o „Þar á símanum máttu vita meira“ (þjónustugegar)
  - o Óskir um fræðslu og innisýn í faglega starfið (móttökufreyjur)

### Víðhorf til hindrana í aðgengi að þjónustu

Um fjórðungur þjónustugega segist hafa mætt hindrunum í aðgengi að þjónustu, einkum landfræðilegum og/eða fjarhagslegum.

Höpurinn sem meir hindrunum í aðgengi geti verið svari en niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna. Rannsóknin náði einungis til þjónustuþega en hugsanlegt er að hindranir séu til staðar sem koma í veg fyrir að þolendur hafi samband. Samanburður við töluleg gögn Hagsstofnunar um hlutfall kvenna af elendum upptæna sem búsetar eru á Suðurlandi<sup>8</sup> sýnir t.d. að það er mun hærra en hjá Sigurhæðum. Þessi hópur virðist því meta einhverjum hindrunum sem komast þarf fyrir. Viðvarandi mjög hátt hlutfall þjónustuþega með gmlia áfalla- og ofbeldissögu að baki vekur einnig upp spurningar um hindranir í aðgengi kvenna sem hafa nýlega orðið fyrir ofbeldi eða eru í virku ofbeldissambandi. Skýringa geti einfaldlega verið að leita í lélegu aðgengi að upplýsingum um Sigurhæðir og þjónustu í boði. Þær eru þó allt eins verið kerfislegar eða ómögulegar. Slík greining var ekki hluti af þessari rannsókn. Það er þó mikilvægt verkefni að leita skýringa og staðfesta með gögnum svo hægt sé að bregðast við með marktissum þætti enda hlýtur sammiðtak fliðun að vera allra hægar.

### Tækifæri til aðgerða/umbóta

- Stýra biðtíma
  - o Leggja eiti áherslu á að byrja á að sýtta bið eftir fyrsta viðtali. Marka t.d. stefnu um tíma innan 5 vinkra daga
- Aðvelda aðgengi að einstaklingsviðtölum hjá séntæfðum sálfræðingum
- Auka fjölbreytileika stuðnings- og meðferðarúrræða
- Þjónða þjónustu fyrir börn þolenda í samstarfi við barnavernd
- Aðvelda aðgengi að hagnytu rafrænu fræðslu- og upplýsingaeftir
- Skipuleggja opnar samverustundir og fræðslufundi
- Útbúa hvíldarstöðu (gráðarsað)
- Vísbendingar um að þótt fyrir þjálfun nýrra fagaðila hafi verið vanmeið.
- Vísbendingar eru um að rýna þurfi fræðslu/þjálfun fyrir móttökufreyr – kallast á við óskir frá þeim

### Viðhorf til hindrana í samstarfi

Hlæstu hindranir í samstarfi eru taldar landfræðilegar og óvissa um heimildir til að skrá og deila eða miðla upplýsingum milli samstarfsaðila. Í gögnum rannsóknarinnar kom ekki fram í hverju nákvæmlega landfræðilegar hindranir í samstarfi felast. Leita þarf leiða til að greina það og hvernig draga megi úr þeim. Aðending barst til demis um að nauðsynlegt væri að rýna reglulega í verkefnisstjórn verklaagsreglur um tilvísanir, samráð og samstarf milli samstarfsaðila og tryggja reglubundna fræðsla um þar svo tryggj sé að nýtt starfsfolk þekki til þeirra. Óvissa um heimildir til að skrá og deila upplýsingum milli samstarfsaðila endurspeglar kerfislegar hindranir sem allar þolendamiðstöðvar og samstarfsaðilar þeirra standa frammi fyrir? Þó það sé ekki á valdi þeirra að veita slíkar heimildir er hægt að þýssta á stjórnmöld um skjótar úrbætur.

### Tækifæri til aðgerða/umbóta

- Rýna í verkefnisstjórn í hverju nákvæmlega landfræðilegar hindranir í samstarfi felast og leita leiða til að draga úr þeim (kom ekki fram í rannsókninni)
- Rýna kerfisbundit í verkefnisstjórn verklaagsreglur um tilvísanir, samráð og samstarf milli samstarfsaðila og skipuleggja reglubundna fræðsla um þar svo tryggj sé að nýtt starfsfolk þekki til þeirra (tillaga frá samstarfsaðila)

- Þýssta á stjórnmöld um að gefa sem fyrst út leiðbeininga um heimildir til að skrá og deila upplýsingum milli samstarfsaðila sem þjónusta þolendur ofbeldis.
- Hjá stýrhópi verkefnisins *Samanleggi afbeldi* hjá Reykjavíkurborg er mikil þekking og reynsla til staðar á samstarfi á þessu sviði (þ.á m. um hindranir í miðlun upplýsinga). Vert veri að leita ráða hjá þeim.

### Viðhorf til starf- og rekstrarumhverfis

Viðhorf starfsfélaga til starfsumhverfis er mjög jákvætt og fagfolk upplifr ekki óhófleg álag í dag. Í gögnum rannsóknarinnar birtast vanúngar um aukna aðsókn, stærkkun markþópsins, aukna þjónustu og stýttu biðtíma. Verði stefnt að því í framtíðinni má gera ráð fyrir auknu álagi og þótt fyrir fleira starfsfolk.

Samgignileg sýn rskir á að óöyggji með fjármögnun sé stærsta áskonunin í starfs- og rekstrumhverfi Sigurhæða og rskisstýrki taldir forsenda öruggs rekstrarmhverfis. Það er því mikilvægt verkefni að knýja á um að rskid markl skýra stefnu í þeim málum og framkvæmdi hana. Á sama tíma þarf þó einnig að móta sameiginlega sýn á það hvernig framlagi samstarfsaðila verður háttat til framtíðar.

### Tækifæri til aðgerða/umbóta

- Vanúngar eru um aukna aðsókn, stærkkun markþópsins, aukna þjónustu og stýttu biðtíma. Marka þarf stefnu á þessum sviðum, fylgjast kerfisbundit með þróun mála og gefpa úrmanlega til aðgerða til að koma í veg fyrir of mskitð álag og alvarlegar afleiðingar af þeim völdum
- Móta sameiginlega sýn á það hvernig mótunarmálum og framlagi samstarfsaðila verður háttat til framtíðar
- Þýssta á um að rskid markl sem allra fyrst skýra stefnu í fjármögnunarmálum þolendamiðstöðva og framkvæmi hana

### Viðhorf til framtíðarsýnar

Framtíðarsýn fyrir Sigurhæðir virðist í megináttáttum nokkuð skýr og óhætt að segja að hún sé bæði björt og meinaðarfull. Hún einkennist af sýn á Sigurhæðir sem farsalt samstarfsverkefni með vel skilgreint hlutverk og tryggan fjárhagslegan grundvöll sem býður upp á fjölbreytta hágræða stað- og fjarþjónustu fyrir þolendur af öllum kynjum, börn þeirra og fjölskyldur, sinnir fjölbreyttu fræðsluhlutverki og er leiðandi á sínu sviði.

Nú eru þrjú ár eru liðin frá því að Sigurhæðir opnaðu og góð reynsla komin á starfsemina og tímunn til stefnumótunar til framtíðar er komin.

Verkefnið framundan er að bæði sétt um þessa framtíðarsýn og skipuleggja hvernig eigi að raungera hana. Það er í raun forsenda flestra annarra aðgerða og umráðaverkefna sem lagðar eru til. Marka þarf skýra stefnu um samstarf og þjónustu til lengri og skemmi tíma og veita leiðir að markmiðunum. Við þá vinnu þarf að hafa í huga:

- Að horfa alltaf á stóru myndina, ákveða hvert skuli stefna og skoða allar ákvarðanir út frá sjónathotni þjónustuþega og þjónustubúarf þeirra.
- Að frumkvöðlastarf er kjarni þróunar og stöðun gæur eyðilag miðstöðina.
- Að þetta er vinna sem alltaf þarf að vera í gangi. Það verður alltaf þótt fyrir frekari þróun, meiri afþyr, meiri samvinnu eða nýja þjónustu og tryggja þarft svignum fyrir slíka vinnu.

Vel gætt Sigurhæðir og gangi ykkur vel í stefnumótunaryrningunni.

<sup>8</sup> Mannfrófið eitt svæðisfrófið um kyni rskisfrófi og ársfróðingum 2010-2013. Þ.a.Web (basstrofa.is)  
<sup>9</sup> Greinir í þjómsmiðstöðvum. Eftir þolendur ofbeldis. Stjórnaradild.is

Október 2024

## Þjálfun og innleiðing ASSYST í Sigurhæðum

Fjórir fagaðilar Sigurhæða, þær Elísabet Lorange meðferðarstýra og listfræðingur, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun í sálgæslu, Jóhanna Kristín Jónsdóttir sálfræðingur og sérhæfð í EMDR og Helga Jóna Sigurðardóttir fjölskyldumeðferðarfræðingur, hafa hlotið þjálfun í ACUTE STRESS SYNDROME (ASSYST) PROCEDURES, og hlotið viðurkenningarskjal og leyfisbréf því til staðfestingar. Þjálfunin fór fram í gegnum fjarfundi vorið 2023 á vegum ScalingUp, LLC<sup>1</sup>, og sáu höfundar aðferðar Dr. Ignacio Jarero og samstarfsmenn hans, Nicolle Mainthow (Titill: Clinical Director, Department of Research, EMDR Mexico) ofl. um þjálfunina. Þjálfunin var hvoru tveggja á formi fyrirlestra og verklegra æfinga. Þegar ASSYST inngripið er veitt yfir hóp eða einstaklingum, þá er nákvæmu handriti fylgt eftir. Jóhanna Kristín tók að sér að þýða allt það efni yfir á íslensku úr ensku. Í kjölfar þjálfunar voru haldnir reglulegir handleiðslutímar til stuðnings innleiðingar verkefnisins hjá Sigurhæðum.

Jóhanna Kristín sálfræðingur er í forsvari fyrir innleiðingu ASSYST verkefnisins í Sigurhæðum. Eftir þjálfunartímann var hafist handa í maí á þessu ári og hópi eldri kvenna boðin þátttaka í hópinngripi og gekk það vel. Ákveðið var að frá og með haustinu yrði öllum skjólstaðingum Sigurhæða veittur sá möguleiki að sækja hópinngríp og hófst innleiðing þess í september síðastliðnum.

Við höfum nú boðið upp á ASSYST hópinngríp einu sinni í viku frá því í september og hittist Áfallahópur á hverjum fimmtudegi. Fagaðilar í starfi Sigurhæða hafa jafnt og þétt safnað konum á biðlista og hefur konum þaðan verið boðin þátttaka í tölvupósti sem þær svo staðfesta.

Miðað er við að 8-10 konur sækji hópinn hverju sinni og þeim býðst að endurtaka hópinngripið þrisvar sinnum. Konur sem hafa nýtt sér inngripið hafa tjáð almenna ánægju, árangur og góða upplifun af inngripinu.

Konum gefst einnig kostur á að sækja ASSYST einstaklingsinngríp en þá er unnið einslega með viðkomandi. Sigurhæðir hafa boðið upp á slíkt frá því í maí á þessu ári en stefna okkar nú er sú að konur sækji fyrst hópinngríp, áður en þær eigi kost á einstaklingsinngripi. Þannig er tíma og vinnuframlagi fagaðila best varið og hægt að veita fleiri þjónustu en ella.

---

<sup>1</sup> Scaling Up, LLC is approved by the American Psychological Association to sponsor continuing education for psychologists and licensed health care providers.

Í byrjun næsta árs munum við endurskoða þörfina á ASSYST hópinngrípi því líkur eru á að fjölga þurfi hópum sökum fjölda kvenna nú sem bíða á biðlista.